



Borgarráð

Úrskurður dómsmálaráðuneytisins - upplýsingar um kostnað Reykjavíkurborgar í samræmi við ákvæði 100. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Vísað er til úrskurðar dómsmálaráðuneytisins vegna kæru Vigdísar Hauksdóttir á úrskurði kjörnefndar skv. 93. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 sem kveðinn var upp 7. ágúst 2019. Jafnframt er vísað til samþykktar borgarráðs á viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2019 þar sem samþykkt var að fjárheimildir miðlægrar stjórnsýslu verði hækkaðar um 2.000 þ.kr. vegna skipunar kjörnefndar til meðhöndlunar á framkominni kæru vegna borgarstjórnarkosninga 2018. Kostnaðaraukinn var fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Í 100. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna kemur fram að kostnaður við sveitarstjórnarkosningar, þar með talinn kostnaður vegna kjörnefndar skv. 93. gr., greiðist úr sveitarsjóði. Reykjavíkurborg ber því allan kostnað af kærumálunum, þ.e. kostnað vegna kjörnefndarinnar sjálfrar og vegna umsagnargerðar yfirkjörstjórnar Reykjavíkur.

Áætlaður kostnaður vegna vinnu kjörnefndarinnar sjálfar var kr. 1.500.000.-, raunkostnaður er kr. 1.426.550.-

Áætlaður kostnaður vegna gerðar umsagnar yfirkjörstjórnar Reykjavíkur er 500.000.-.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

